

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Kaplakrika, reitur 3.2.3 – Flatahraun, hringtorg við Skútahraun og Kaplakrika.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar á fundi sínum þann 2. júlí 2020 breytingu á deiliskipulagi Kaplakrika, vegna gatnamóta Flatahrauns og Skútahrauns við Kaplakrika. Í breytingunni felst að nýju hringtorgi er komið fyrir við innkeyrslu á íþróttasvæði FH í Kaplakrika. Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 10. júlí til 21. ágúst 2020. Engar athugasemdir bárust. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Suðurlhafnar – Háabakki og Fornubúðir 20.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 24. júní 2020 breytingu á deiliskipulagi Suðurlhafnar vegna Háabakka og Fornubúða 20. Í breytingunni felst breikkun Háabakka og mótun nýrrar lóðar, Fornubúða 20, þar sem gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir þjónustuhús veitna við Háabakkann. Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 10. júlí til 21. ágúst 2020. Engar athugasemdir bárust. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi, „Miðbær–Hraun, vestur“, lóð nr. 24 við Reykjavíkurveg.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 22. júlí 2020 breytingu á deiliskipulaginu „Miðbær–Hraun, vestur“ vegna lóðar nr. 24 við Reykjavíkurveg. Í breytingunni felst að byggingarreitur lóðarinnar stækkar og færist til og að hámarksbyggingarmagn verði 197 m². Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 2. júní til 14. júlí 2020. Engar athugasemdir bárust. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi, „Miðbær–Hraun, vestur“, lóð nr. 49 við Hverfisgötu.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 19. ágúst 2020 breytingu á deiliskipulaginu „Miðbær–Hraun, vestur“ vegna stækkunar lóðarinnar að Hverfisgötu 49. Í breytingunni felst að lóðin stækkar um sem nemur 223,8 m². Byggingarheimildir lóðarinnar eru óbreyttar og nýtingarhlutfall lækkar. Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 25. júní til 6. ágúst 2020. Athugasemdir bárust. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 8. október 2020.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.